

19. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund fimmtudaginn 24. nóvember 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafinkelsson, María Valdimarsdóttir, Alda Pálsdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Vignir Sveinsson og Dallilja Inga Steinarsdóttir.

Ríkharður setti fund kl. 17:00.

1. Yfirlit forstöðumanna.

X-ið

Lalli og Auður nota X-ið mikið við æfingar á söngleik á vegum skólans. Forvarnarfulltrúi 1x í viku í húsinu á vegum skólans. Á laugardag eru þrjár stelpur á leið í úrslitin á Hár og Stíl. Síðustu vikuna fyrir jólin verður Kolaportsstemning í X-inu og ágóða varið til kaupa á upptökuvél.

Íþróttamiðstöð

Starfsemin óbreytt og allt gengur sinn vana gang. Verið að athuga með æfingatæki sem hentar fötluðum. Styrkur að upphæð kr. 50.000 til kaupa á einhverju sem hentar fötluðum einstaklinum vel. Mikil ánægja með hliðarkörfurnar sem og nýja sparkvöllinn.

2. Farið yfir óskir forstöðumanna vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2006.

X-ið

Húsið málað að inna. Kaup á ýmsum tækjum og tólum sem sárvantar. Nauðsynlegt að fara að huga að endurbótum á húsinu.

Íþróttamiðstöð

Forgangsatriði að klára að gera gott aðgengi fyrir fatlaða að stofnuninni. Gera við skemmdir í innilaug og búningssklefum. Gólfþvottavél fyrir salinn. Útihástökksdýna fyrir íþróttavöllinn. Klakavél. Skjól í kringum heitu pottana, allavega annan.

Fundi slitið kl. 17.55

María Valdimarsdóttir (sign.),
Kristrún R. Helgadóttir (sign.),
Vignir Sveinsson (sign.),
Dallilja I. Steinarsdóttir (sign.),
Ríkharður Hrafinkelsson (sign.),
Alda Pálsdóttir (sign.).